

FJAM2UF05

Búið til: Tue, 31 Dec 2013 04:49:53 GMT

Titill

Fjallamennska, undirstöðuatriði í rötun, kortalestri, klifri, sigi og línuvinnu

Skammstöfun

FJAM2UF05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

Fjallamennska

Viðfangsefni

undirstöðuatriði í fjallamennsku

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að dýpka skilning á almennri Fjallamennsku. Farið er í undirstöðuatriði í undirbúningi ferðar tengd næringu, klæðnaði og útbúnaði á ferðalögum. Þeir möguleikar sem umhverfið býður upp á þegar allt er á kafi í snjó eru skoðaðir. Farið verður yfir ýmis atriði er varða klifur, sig og línuvinnu. Einnig verður farið í hvernig maður metur snjóflóðahættu, unnið verður með snjóflóðaðíla, gps og áttavita.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- verklegri og faglegri færni til þess að geta undirbúið sig og aðra til að fara í styttri og lengri gönguferðir yfir fjalllendi
- að stunda fjallamennsku við mismunandi aðstæður s.s. veður, landslag, snjóalög, með ferðalögum um landið allan ársins hring
- að nemendur þroski hæfileika sína til þess að vinna sjálfstætt og í samvinnu með öðrum
- að auka skilning nemenda á því hvernig fjallamennska býður upp á nýja námsreynslu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- ferðast í hóp
- vita hvaða grunnatriði þurfa að vera klár við skipulag ferða
- þekkja hættur sem fylgja því að ferðast í óbyggðum
- útbúa sig til lengri og styttri ferða s.s. nesti, fatnaður og búnaður

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ferðast með hóp og fara eftir reglum hópsins
- fara eftir ferðaáætlunum
- tryggja öryggi og meta hættur við að ferðast

Námsmat

Áfanginn er bóklegur og verklegur og notast við leiðsagnarmat með símati alla önnina. Nemendur verða að standast mætingakröfur áfangans og skila 3 ferðum á eigin vegum ásamt dagbók.

Skólar**Fyrirmynd**